

Standard Verlags GmbH gegn Austurríki (nr. 2)

Dómur frá 4. júní 2009

Mál nr. 21277/05

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmiðlar. Opinberar persónur. Meiðyrði.

1. Málsatvik

Kærandi er hlutafélag í Vínarborg og er það eigandi dagblaðsins *Der Standard*.

Þann 14. maí 2004 birtist grein í *Der Standard*, þar sem fjallað var um orðróm þess efnis að hjónaband forseta Austurríkis og eiginkonu hans stæði á brauðfótum, m.a. vegna náinna samskipta hennar við annan mann. Greinin birtist einnig á netsíðu dagblaðsins. Voru þeim dæmdar skaðabætur, þar sem talið var að dagblaðið hefði með umfjöllun sinni brotið gegn friðhelgi einkalífs þeirra, en samkvæmt landslögum var bannað að fjalla um slúður um einkalíf opinberra persóna ef það væri gefið í skyn að fótur væri fyrir sögusögnunum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með ákvörðun dómstólsins hefði ríkið brotið gegn tjáningarfrelsi hans, sem verndað væri af 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda hefði verið samkvæmt lögum og með henni væri stefnt að lögmætu markmiði. Þyrfti því að skera úr um hvort hún hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Dómstóllinn vísaði til þeirra grundvallarviðmiða sem mótaskaðabætur hefðu í framkvæmd hans við mat á því hvenær takmörkun teldist nauðsynleg samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Til staðar yrði að vera knýjandi þjóðfélagsleg nauðsyn og að svigrúm ríkja til mats á nauðsyn takmörkunar sætti endurskoðun dómstólsins.

Dómstóllinn tók fram að í greininni væri fjallað um orðróm um einka- og fjölskyldulíf hinna umræddu einstaklinga. Í slíkum málum, þar sem vegast á sjónarmið um vernd einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar, hefði dómstóllinn lagt áherslu á hvort myndir eða greinar í fjölmiðlum væru framlag til opinberrar umræðu og hvort einstaklingurinn gegni opinberu hlutverki.

Dómstóllinn vísaði til framkvæmdar sinnar um þann grundvallarmun sem sé á því annars vegar að greina frá staðreyndum, jafnvel þó þær séu umdeildar, sem eru til þess fallnar að vera innlegg í opinbera umræðu um stjórnmálamenn og beitingu valds þeirra og þess hins vegar að ljósra upp um atriði í einkalífi einstaklings, sem hefur engu opinberu hlutverki að gegna. Dómstóllinn hefur fallist á að í sérstökum tilvikum geti réttur almennings til að móttaka upplýsingar náð til einkalífs opinberra einstaklinga, sér í lagi þegar um stjórnmálamenn er að ræða. Þrátt fyrir það verða allir að geta notið lögmætra væntinga sinna um verndun og virðingu fyrir einkalífi sínu, enda þótt þeir teljist til opinberra persóna.

Þar sem innlendir dómstólar hefðu í niðurstöðu sinni litið til þess að samkvæmt landslögum var bannað að fjalla um einkalíf einstaklinga, ef það hefði engin tengsl við opinbert líf þeirra, taldi dómstóllinn að viðeigandi og nægjanlegar ástæður hefðu legið til grundvallar skerðingu á tjáningarfrelsi kæranda. Tekið hefði verið til greina að umfjöllunin hefði snúist um opinberar persónur en hún hefði ekki verið innlegg í opinbera umræðu. Skilið hefði verið á milli þess að fjalla um heilsu stjórnmálamanns, sem hefði getað haft áhrif á getu hans til að sinna störfum sínum, og tilgangslauss orðróms um hjúskaparstöðu hans. Dómstóllinn taldi að slíkt gæti ekki verið þáttur í hlutverki fjölmiðla sem „varðhundur almennings“, heldur hefði eini tilgangur þess verið að svala forvitni ákveðins lesendahóps.

Taldi dómstóllinn því að ríkið hefði ekki farið fram úr svigrúmi sínu til mats á því hvort nauðsynlegt væri að skerða tjáningarfrelsi kæranda. Jafnframt taldi dómstóllinn að ákvörðun dómstóla um að kæranda bæri að greiða skaðabætur til einstaklinganna og birta dóminn, hefði ekki verið úr hófi fram til að ná hinu lögmæta markmiði sem að var stefnt með takmörkuninni. Hefði því takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi til að vernda orðspor og réttindi annarra samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða dómstólsins var því sú að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.